

## Kirkjuráð

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður



Reykjavík, 26. janúar 2015

Vísað er til fundar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis 2. desember sl. með fulltrúum kirkjuráðs og innanríkisráðuneytisins þar sem fjallað var um frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum (aukin verkefni kirkjubings). Á þeim fundi kom fram sá vilji nefndarinnar að kirkjuráð tæki frumvarpið til athugunar og legði til breytingar á því í samræmi við þær umræður sem fram fóru á fundinum.

Fyrst og fremst var um að ræða þann vilja allsherjar- og menntamálanefndar að annars vegar verði ákvæði um úrskurðarnefnd kirkjunnar áfram í Þjóðkirkjulögum. Nefndin hefur ekki gert athugasemdir við að ákvæði um áfrýjunarnefnd falli brott úr lögnum en lagt til að skýra þurfi þá frekar vald- og verksvið úrskurðarnefndar.

Kirkjuráð hefur nú farið yfir frumvarpið með ofangreint í huga og falið framkvæmdastjóra sínum að vinna að breytingatillögum í samræmi við athugasemdir nefndarinnar. Tillögur að breytingum er lutu að lagatækniatriðum voru unnar í samráði við starfsmenn innanríkisráðuneytisins.

Helstu breytingar sem kirkjuráð leggur til eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að bætt verði við 11. gr laganna nýjum málslið í stað nýrrar mgr. sem er nú í 1. gr. frumvarpsins.
2. 12. gr. laganna standi óbreytt að öðru leyti en því að ákvæði úr 13. gr. verði tekin inn svo úrskurðarnefndin geti starfað sem endanleg nefnd vegna ágreinings innan Þjóðkirkjunnar. Þar að auki verði skerpt á a. lið 4. mgr. laganna svo hægt verði að framfylgja úrskurðum sem byggja á þessum lið.
3. Lagt er til að sett verði bráðabirgðarákvæði vegna lagaskila um þau mál sem áfrýjunarnefndin hefur til meðferðar við starfslok sín.
4. Lagðar eru til breytingar sem nauðsynlegt er að gera á frumvarpinu verði 12. gr. áfram í lögnum.

Endanlegt skjal með breytingum kirkjuráðs sem framkvæmdastjóri kirkjuráðs og starfsmenn innanríkisráðuneytisins hafa unnið að verður sent allsherjar- og menntamálanefnd að fundi loknum.

Biskupsstofa hefur þegar sent allsherjar- og menntamálanefnd lista yfir mál úrskurðar- og áfrýjunarnefndar frá upphafi starfa nefndanna.

Virðingarfyllst,  
f.h. kirkjuráðs



Ragnhildur Benediktsdóttir,  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs